

146. löggjafarþing 2016–2017.  
Þingskjal 981 — 389. mál.  
3. umræða.

## Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um landmælingar og grunnkortagerð,  
nr. 103/2006, með síðari breytingum (landupplýsingagrunnur  
og gjaldfrelsi landupplýsinga).

Frá minni hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Nefndin tók málið til umfjöllunar á milli 2. og 3. umræðu og fékk á sinn fund Kjartan Ingvarsson frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Karl Arnar Arnarsson frá Loftmyndum ehf. Á fundi nefndarinnar reifaði fulltrúi Loftmynda áhyggjur af mögulegum breytingum á stöðu fyrirtækisins við samþykkt frumvarpsins. Nefndin fór yfir þessi sjónarmið með fulltrúa ráðuneytisins.

Minni hlutinn sér ekki ástæðu til að reifa frekar þau sjónarmið sem fram komu á fundinum enda kom þar ekkert nýtt fram sem ekki hefur legið fyrir, m.a. í umsögnum um málið þegar það var lagt fram á 144. löggjafarþingi (mál 560). Því er engin ástæða til að hnykkja sérstaklega á einhverjum efnisatriðum málsins heldur nægir að vísa almennt í greinargerð frumvarpsins.

Minni hlutinn sér ekki ástæðu til að gera breytingar á frumvarpinu eins og það liggur fyrir og leggur til að það verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 30. maí 2017.

Kolbeinn Óttarsson Proppé, Ari Trausti Guðmundsson, Guðrún Ágústa Þórdísardóttir.  
frsm.